



Uppgjör Landsbankans

janúar – september 2016



27. október 2016

Landsbankinn hagnast um 16,4 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2016

Afkoma Landsbankans var jákvæð um 16,4 milljarða króna eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 samanborið við 24,4 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2015.

Hreinar vaxtatekjur voru 26,2 milljarðar króna og hækkuðu um 4,7% á milli tímabila. Hreinar þjónustutekjur námu 5,9 milljörðum króna og hækkuðu um 15% frá sama tímabili árið áður. Virðisbreytingar námu 4,4 milljörðum króna samanborið við 12,3 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Aðrar rekstrartekjur námu 4,7 milljörðum króna samanborið við 8,4 milljarða króna ári fyrr og skýrist lækkunin aðallega af minni hagnaði af hlutabréfum. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 8,5% á ársgrundvelli samanborið við 13,5% á sama tímabili 2015.

Rekstrartekjur á fyrstu níu mánuðum ársins námu 41,2 milljörðum króna samanborið við 50,9 milljarða króna á sama tímabili árið 2015. Rekstrarkostnaður samtals lækkaði um 0,4% á milli ára og er 17,6 milljarðar króna, þar af var launakostnaður 10,4 milljarðar og annar rekstrarkostnaður 7,2 milljarðar. Heildareignir Landsbankans í lok september voru um 1.134 milljarðar króna samanborið við 1.176 milljarða króna ári fyrr og hefur því efnahagur bankans dregist saman um tæp 4% síðustu 12 mánuði. Landsbankinn greiddi á þessu ári 28,5 milljarða króna í arð í tveimur greiðslum, í apríl og september. Þann 15. september birti Landsbankinn tilkynningu um að bankinn byðist til að kaupa hluti af hluthöfum samkvæmt endurkaupaáætlun á þremur tilgreindum endurkaupatímabilum. Á fyrsta endurkaupatímabili keypti Landsbankinn um 120 milljón hluti eða 0,5% af útgefnum hlutum og nam kaupverð þeirra 1,2 milljörðum króna. Endurkaupin geta að hámarki numið samtals 480 milljónum hluta eða sem nemur 2% af útgefnu hlutfé. Í lok september var eigið fé bankans 251,1 milljarður króna. Eiginfjárhlutfallið var 29,1% samanborið við 29,2% á sama tíma árið áður.

Steinþór Pálsson bankastjóri segir: „Landsbankinn heldur áfram að styrkja stöðu sína sem leiðandi fjármála-fyrirtæki hér á landi og hefur markaðshlutdeild aldrei mælst hærrí en á árinu. Gæði eigna hafa batnað sem og fjármögnun, þökk sé vel heppnuðum skuldabréfaútgáfum erlendis á árinu. Enn eru töluverðar sveiflur í einskíptisliðum, það er í virðisbreytingum á útlánum og hlutabréfum. Ef horft er framhjá þessum liðum batnar afkoman frá fyrra ári þar sem aðrar tekjur hafa aukist vegna aukinna viðskipta og á sama tíma höfum við náð að lækka rekstrarkostnað.

Landsbankinn hefur greitt verulegar fjárhæðir í arð til eigenda á árinu, hærrí en nokkru sinni fyrr. Nýtt og hærra lánshæfismat frá Standard & Poor's nú í október staðfestir sterka stöðu bankans. Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins er gott og afkoma er umfram væntingar okkar. Það er ánægjulegt að viðskiptavinir sjá sér hag í að beina viðskiptum í auknum mæli til bankans og að traust fjárfesta á bankanum fer vaxandi.“

Helstu atriði úr rekstri á þriðja fjórðungi (3F) 2016

- » Hagnaður Landsbankans á 3F 2016 nam 5,1 milljarði króna samanborið við 12 milljarða króna á sama fjórðungi 2015.
- » Hreinar vaxtatekjur lækkuðu á milli tímabila, námu 8,6 milljörðum króna á 3F 2016 en voru 8,8 milljarðar króna á 3F 2015.
- » Virðisbreyting útlána var jákvæð um 2,1 milljarð króna á 3F 2016 en var jákvæð um 10,5 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2015.
- » Hreinar þjónustutekjur hækkuðu á milli tímabila vegna aukinna viðskipta og voru 2 milljarðar króna á 3F 2016 samanborið við 1,7 milljarð króna á sama tímabili árið áður sem er aukning um 15%.
- » Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 8,2% á 3F 2016 samanborið við 19,5% á sama ársfjórðungi 2015.

Helstu stærðir úr rekstri og efnahag á fyrstu níu mánuðum ársins 2016

Rekstur:

- » Hagnaður Landsbankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 nam 16,4 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 24,4 milljarða króna á sama tímabili 2015.
- » Hreinar vaxtatekjur námu 26,2 milljörðum króna og hækkuðu um 4,7% milli tímabila.
- » Virðisbreytingar útlána á tímabilinu voru jákvæðar um 4,4 milljarða króna samanborið við 12,3 milljarða króna á sama tímabili árið 2015.
- » Hreinar þjónustutekjur námu 5,9 milljörðum króna og jukust um 15% frá sama tímabili árið áður sem skýrist af auknum viðskiptum.
- » Aðrar rekstrartekjur námu 4,7 milljörðum króna samanborið við 8,4 milljarða króna á sama tímabili á árinu 2015 sem er lækun um 44%. Skýrist þetta að mestu af minni hagnaði af hlutabréfum.
- » Vaxtamunur eigna og skulda er 2,3%, sem er sama hlutfall og á sama tímabili árið áður.
- » Rekstrarkostnaður samtals lækkaði um 0,4% frá sama tímabili og í fyrra.
- » Kostnaðarhlutfall fyrstu níu mánuði ársins var 47,7% samanborið við 45,7% á sama tíma árið áður.
- » Stöðugildi 30. september voru 1.043 en voru 1.092 á sama tíma fyrir ári.
- » Arðsemi eigin fjár eftir skatta nam 8,5% samanborið við 13,5% á sama tímabili árið 2015.

Efnahagur:

- » Heildareignir bankans námu 1.134 milljörðum króna í lok september 2016.
- » Ný útlán til viðskiptavina á fyrstu níu mánuðum ársins voru um 186 milljarðar króna en að teknu tilliti til afborgana, virðisbreytinga og fleiri þátta hækkuðu heildarútlán um 25,9 milljarða króna frá áramótum. Í lok september voru heildarútlán 837 milljarðar króna.
- » Heildarvanskil hjá fyrirtækjum og heimilum yfir 90 daga voru 1,8% í lok september 2016 sem er sama hlutfall og í lok árs 2015.
- » Innlán viðskiptavina námu 584 milljörðum króna í lok september 2016 samanborið við 559 milljarða króna í lok árs 2015. Innlán frá fjármálafyrirtækjum hafa lækkað á árinu og er lækkunin fyrst og fremst vegna gjaldeyrisútboðs Seðlabanka Íslands í júní sl.
- » Eignir umfram skuldir í erlendri mynt eru um 2,4 milljarðar króna, samanborið við 23,8 milljarða króna í lok síðasta árs.
- » Lausafjárstaða bankans er sterk, bæði í erlendri mynt og í íslenskum krónum.
- » Eigið fé Landsbankans var í lok september um 251 milljarður króna og hefur það lækkað um 5,1% frá áramótum. Skýringin er sú að Landsbankinn hefur greitt á þessu ári 28,5 milljarða króna í arð í tveimur greiðslum, annars vegar í apríl og hins vegar í september.
- » Eiginfjárlutfall bankans (CAR – Capital Adequacy Ratio) var 29,1% í lok september sl. en var 29,2% ári fyrr. Það er vel umfram 22,1% eiginfjárviðmið Fjármálaeftirlitsins.

	9M 2016	9M 2015	3F 2016	3F 2015
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>				
Hagnaður eftir skatta	16.400	24.413	5.102	12.008
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	8,5%	13,5%	8,2%	19,5%
Leiðrétt arðsemi eftir skatta *	8,0%	9,8%	6,8%	8,1%
Vaxtamunur eigna og skulda**	2,3%	2,3%	2,4%	2,4%
Kostnaðarhlutfall ***	47,7%	45,7%	48,9%	47,9%

	30.9.2016	30.9.2015	31.12.2015	31.12.2014
Heildareignir	1.133.802	1.175.804	1.118.658	1.098.370
Útlán til viðskiptavina	837.494	807.033	811.549	718.355
Innlán frá viðskiptavinum	583.715	624.924	559.051	551.435
Eigið fé	251.146	252.484	264.531	250.803
Eiginfjárhlutfall (CAR)	29,1%	29,2%	30,4%	29,5%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	149%	120%	136%	134%
Heildarlausafjárþekja	140%	109%	113%	131%
Lausafjárþekja erlendra mynta	594%	190%	360%	614%
Gjaldeyrisjöfnuður	2.425	22.842	23.795	20.320
Vanskilahlutfall (>90 daga)	1,8%	2,0%	1,8%	2,3%
Stöðugildi	1.043	1.092	1.063	1.126

* Leiðrétt arðsemi eftir skatta = (Hagnaður eftir skatta – jákvæðar virðisbreytingar eftir skatta – skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja – hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta) / meðalstaða eigin fjár.

** Vaxtamunur eigna og skulda = (Vaxtatekjur / meðalstaða heildareigna) – (vaxtagjöld / meðalstaða heildarskulda).

*** Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls / (Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).